

Kjaramál kvenna: launakönnun VR; Sóknarkonur; Anna Sjöfn Jónasdóttir; Lilja Mósesdóttir * Jóhanna B. Magnúsdóttir í Skaftárhreppi * Gagnrýni á bók Gunnars Dal * Maya-indíánakonurnar og Carlota Duarte * Hvert fer heimilissorpið? * Margrét Kjartansdóttir í Miru * Húsnaðisleit í Reykjavík * Frumherjar í myndlist kvenna * Dyngjan 10 ára

**Stelpur geta
líka gengið yfir
Grænlandsjökul**



Frumherjar í myndlist

kvenna



Það var á alþjóðlegu kvennaári Sameinuðu þjóðanna árið 1975 að kvennasögusafn var stofnsett í Reykjavík. Stofnandinn var

var fyrst beðin að segja nánar frá útgáfu bókarinnar.

„Eitt af markmiðum Kvennasögusafnsins er að miðla þekkingu á sögu íslenskra kvenna, m.a. með því að gefa út heimilda- og fræðsluefni. Skömmu eftir að safnið fluttist í Þjóðar-

Kvennasögusafnið stendur fyrir sýningu og dagskrá í Norræna húsinu í júlí og ágúst

frú Anna Sigurðardóttir en hún sinnti þessu aðaláhugamáli sínu, sögu íslenskra kvenna, mestmegnis heima hjá sér á Hjarðarhaganum. Þar var Kvennasögusafnið stofnað og starfrækt í rúm 20 ár. Eftir lát Önnu var safninu komið fyrir í Þjóðarbiblíóðunni og hefur verið þar til húsa síðan haustið 1996.

Forstöðumaður safnsins er Erla Hulda Halldórsdóttir, sagnfræðingur en hún er nú í barneignarleyfi og sinnir Guðrún Dís Jónatansdóttir starfinu í fjarveru hennar. Vera hafði spurnir af væntanlegri útgáfu bókar á vegum Kvennasögusafnsins. Safnið, ásamt Norræna húsinu, stendur líka að sýningu á verkum íslenskra kvenna sem hafa verið frumherjar á sviði myndlistar, höggmyndalistar og vefnaðar, og tengist sýningin útgáfu bókarinnar. Tíðindakona Veru fór á fund Guðrúnar í Þjóðarbiblíóðunni til að fræðast nánar um þetta. Guðrún

bókhöfundurinn var tekin sú ákvörðun að endurbæta rit Önnu Sigurðardóttur frá 1976 sem hún nefndi *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna, 1746 - 1975*. Um var að ræð 17 blaðsíðna hefti sem Anna útbjó og seldi gegn vægu verði. Í maí 1997 var ég ráðin til þess að skrifa heimilda- og uppflettirit sem byggði á verki og hugmynd Önnu. Erla Hulda Halldórsdóttir forstöðumaður safnsins var mér til halds og trausts og skrifaði einnig texta og aflaði heimilda. Í bókinni er fjallað um konur sem rutt hafa brautina á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins, í námi, starfi, listum og íþróttum. Þá er fjallað um samtök, félög, blöð og tímarit sem konur stofnuðu einkum í þeim tilgangi að efla samhug kvenna. Efnið er sett upp í tímaröð þannig að sjá megi þróunina á hverju sviði fyrir sig. Hver færsla er stutt og greinir aðeins frá helstu atvikið án þess að mat sé lagt á efnið. Lesendur geta síðan aflað sér frekari upplýsinga með því að skoða þær heimildir sem vísað er í hverju sinni.”

Hvernig tengist sýningin í Norræna húsinu þessari bók?

„Ég fékk þá hugmynd í vetur að gaman væri, til að kynna bókina, að halda sýningu á verkum þeirra kvenna sem við fjöllum um í myndlistarkafli bókarinnar. Við vorum svo heppnar að ekki var búið að bóka sumarsýningu Norræna hússins svo við fengum þar inni. Á sýningunni verða verk eftir þær Þóru Pétursdóttur Thoroddsen (1848-1917), Kristínu Vídalín Jacobson (1864-1943), Kristínu Þorvaldsdóttur (1870-1943), Júlíönu Sveinsdóttur (1889-1966), Kristínu Jónsdóttur (1888-1959), Barböru Árnason (1911-1975), Nínu Tryggvadóttur (1913-1968), Louisu Matthíasdóttur (1917), Nínu Sæmundsson (1892-1965), Gerði Helgadóttur (1928-1975), Vigdísí Kristjánsdóttur (1904-1981) og Ásgerði Búadóttur (1920). Hrafnhildur Schram listfræðingur sér um að velja verkin á sýninguna. Sýningin opnar 4. júlí og henni lýkur 16. ágúst. Á meðan á sýningunni stendur verður dagskrá Norræna hússins miðuð við konur í listum og á það bæði við um flytjendur og höfunda verka.“ Þessi góða hugmynd Guðrúnar hefur sannarlega dregið dilk á eftir sér. Sýningin verður eflaust skemmtileg og dagskráin í Norræna húsinu virðist mjög spennandi.

Kvennasagan á netið

Kvennasögusafnið lætur lítið yfir sér en þar er margt að finna. Þar stendur meðal annars skrifborð Bríetar Bjarnhéðinsdóttur innan um ýmis gögn sem raðað er snyrtilega í hillur. Ljósmyndir af Bríeti og Önnu, ásamt listaverkum kvenna, prýða líka safnið. Ég bað Guðrúnu að segja mér nánar frá því sem safnið hefði að geyma. „Hér inni á safninu geymum við gagna- og úrklippusafn sem fræðimenn og nemendur í kvennfræðum geta grúskað í. Í gagnasafninu leynast ótal spennandi hugmyndir að rannsóknarverkefnum og heimildir sem ekki eru aðgengilegar annars staðar. Í safninu eru varðveittar fundargerðarbækur og skjöl frá ýmsum kvennasamtökum, bréfasöfn kvenna, handrit, ljósmyndir og margt fleira. Úrklippusafnið er orðið nokkuð stórt að vöxtum. Um er að ræða úrklippur úr dagblöðum sem Anna hóf að safna á sínum tíma og nýtur safnið þjónustu Fjölmíðlavaktarinnar og fær sendar úrklippur um jafnréttismál, kvennafræði o.fl. á mánaðarfresti. Bækur og tímarit í eigu safnsins eru geymd innan um bókakost Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og eru aðgengileg öllum notendum.“

Er auðvelt að finna hér það sem maður vill leita að?

„Gögnin eru grófflokkuð og varðveitt í sýrufríum öskjum hér inni á safninu. Gögnin eru skráð og því sæmilega aðgengileg. Það er hinsvegar í bígerð að láta hanna upplýsingakerfi fyrir safnið. Þegar því er lokið geta notendur leitað sjálfir að þeim gögnum, úrklippum, bókum eða tímaritum sem þeir vilja nálgast. Stefnt er að því að þetta kerfi verði aðgengilegt hér í bókhöðunni og

Dagskrá í Norræna húsinu 4. júlí - 16. ágúst 1998

Í tengslum við sýninguna Frumherjar í myndlist-Íslenskar listakonur í sýningarsölum Norræna hússins verður flutt fjölbreytt dagskrá tengd konum í fundarsal Norræna hússins; tónlist, kvikmyndir og ljóð eftir Íslenskar konur í flutningi íslenskra listakvenna.

Laugardagur 4. júlí

15.00 Opnuð sýningin *Frumherjar í myndlist - íslenskar listakonur*. Vigdís Finnbogadóttir flytur ávarp við opnunina og Áshildur Haraldsdóttir leikur á flautu.

Sunnudagur 5. júlí

16.00 *Tónleikar Áshildur Haraldsdóttir, flauta og Unnur Vilhelmsdóttir, píanó* flytja tónverk eftir Mist Þorkeldsdóttur og Karólínu Eiríksdóttur. Unnur Vilhelmsdóttir segir frá tónverki Karólínu. Aðgangur kr. 700.

Þriðjudagur 7. júlí

16.00 Konur og kvikmyndir

Heiða Jóhannsdóttir fjallar um konur í íslenskri kvikmyndagerð og sýnd verða brot úr kvikmyndum. Aðg. kr. 700.

Þriðjudagur 14. júlí

16.00 *Íslenskar stuttmyndir*: „Two little girls and a war“, 1995 eftir Maríu Sólrúnu Sigurðardóttur. „Leap Year“, 1995 eftir Önnu Th. Rögnvaldsdóttur. Aðg. kr. 700.

Þriðjudagur 21. júlí

16.00 Kvikmyndasýning „*Ingaló*“, Ásdís Thoroddsen leikstjóri ræðir við áhorfendur um kvikmyndina. Aðg. kr. 700.

Laugardagur 1. ágúst

16.00 *ARSIS-tónleikar*. Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanó og Bryndís Halla Gylfadóttir, selló.

Þriðjudagur 4. ágúst

16.00 *Hreyfimyndir eftir íslenskar konur*. Kristín María Ingimarsdóttir kynnir.

Föstudagur 7. ágúst

20.30 *Kammertónleikar*. Københavns kammerensemble leikur barokkverk og ný verk eftir dönsk og íslensk tónskáld. Frumflutt verkið Pottaseiður eftir Mist Þorkeldsdóttur. Aðgangur kr. 1.000

Sunnudagur 9. ágúst

16.00 Tónleikar. *Sönglög eftir íslenskar konur*. Auður Gunnarsdóttir sópran, Unnur Vilhelmsdóttir píanó, Hallfríður Ólafsdóttir flauta og Lovísa Fjeldsted flytja lög eftir m.a. Jórunni Viðar. Aðg. kr. 700.

Þriðjudagur 11. ágúst

16.00 Kvikmyndasýning. „*Svo á jörðu sem á himni*“. Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri ræðir við áhorfendur um efni myndarinnar. Aðg. kr. 700.

Föstudagur 14. ágúst

20.30 Tónleikar. *Kvennakórinn Vox Feminae* syngur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Á efnisskránni eru lög frá ýmsum löndum. Aðgangur kr. 700.

Laugardagur 15. ágúst

16.00 Ljóðastund. *Íslenskar skáldkonur lesa úr ljóðum sínum*. Umsjón hefur Ingibjörg Haraldsdóttir.

Sýningar í anddyri

1. - 19. júlí. *Kona í íslensku landslagi*. Ljósmyndir eftir Petter Hegri, Noregi. 22. júlí - 16. ágúst Ljósmyndir af listakonunum, frumherjar í íslenskri myndlist.

einnig á alnetinu. Við tökum þátt í samnorrænu verkefni á vegum NIKK - Nordisk Institutt for Kvinne- og kjønnsforskning um norrænt kvenna- og kynjabókasafn á alnetinu. Sett verður upp heimsíða með aðgengi að öllum helstu gagnagrunnum um kvenna- og kynjafræði á Norðurlöndum. Þeir sem taka þátt í verkefninu eru: NIKK, KVINFO í Kaupmannahöfn, Kvinnovetenskapligt forum í Lundi, Institutet för Kvinnoforskning í Åbo og Dokumentasjonstjenesten for litteratur om kvinner á háskólabókasafninu í Bergen.“

Ég sé að hér er myndlistarsýning, viltu segja mér aðeins frá henni?

„Já, þetta eru verk Ragnheiðar Jónsdóttur

grafiklistakonu sem verða hér til sýnis út júní. Ný sýning birtist hér á mánaðarfresti og ég bendi íslenskum myndlistarkonum hér með á þann möguleika að sýna hjá okkur. Með sýningunum viljum við kynna íslenskar myndlistarkonur og vekja áhuga á starfsemi safnsins.“

Loks var tímabært að slíta samtali okkar Guðrúnar og undirrituð var orðin margs vísari. Það er ánægjulegt að vita af slíkri grósku í kvennafræðum og góð hugmynd að tengja bókaútgáfu við listviðburði. Vonandi tekst vel til í sumar með þessa sýningu í Norræna húsinu, til kynningar á þarfrí bók um áfanga í sögu íslenskra kvenna.

VSV